

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 297/2014****2015/EES/71/44****frá 12. desember 2014****um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 68/2014 frá 27. janúar 2014 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 141/2013 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1338/2008 um hagskýrslur Bandalagsins um lýðheilsu og heilbrigði og öryggi á vinnustað, að því er varðar hagskýrslur sem eru byggðar á evrópsku viðtalskönnuninni um heilbrigði (e. EHIS) vegna aðildar Króatíu að Evrópusambandinu ⁽¹⁾.
- 2) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 18z4 (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 141/2013) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32014 R 0068**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 68/2014 frá 27. janúar 2014 (Stjtið. ESB L 23, 28.1.2014, bls. 9).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 68/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. desember 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. desember 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

(¹) Stjtið. ESB L 23, 28.1.2014, bls. 9.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.